

FÉLAGSÞJÓNUSTA

RANGÁRVALLA- OG VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLU

Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella - s. 487-8125

Félagspjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu auglýsir laust til umsóknar starf þroskaþjálfara og/eða félagsráðgjafa í málaflokk fatlaðs fólks. Um er að ræða 60% starfshlutfall. Næsti yfirmaður er félagsmálastjóri. Félagspjónusta Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu annast félagspjónustu sveitarfélaganna í Áshreppi, Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi og Skaftárhreppi. Skrifstofur félagspjónustunnar er staðsett á Hellu. Í sveitarfélögunum búa u.þ.b. 5.300 manns. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og þroskaþjálfafélags Íslands eða Félagaráðgjafafélags Íslands.

Helstu verkefni:

- Umsjón og eftirlit með þjónustu sveitarfélaganna við fatlað fólk
- Sinnir ráðgjöf ásamt fræðslu, leiðsögn og stuðningi við þjónustunotendur og starfsmenn
- Hefur yfirlit yfir þjónustuþega og þá þjónustu sem veitt er og vinnur þjónustumat í samstarfi við aðra sérfræðinga
- Umsjón með SIS mati, notendasamningum, umönnunargreiðslum og þjónustu stuðningsfjölskyldna
- Tengiliður við greiningarstofnanir og aðrar þjónustuaðila fatlaðs fólks
- Virk þátttaka í mótun verkferla
- Virk þátttaka í endurskoðun reglna

Menntunar og hæfnikröfur:

- Starfsréttindi sem þroskaþjálfari
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipulögð vinnubrögð og faglegur metnaður
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt samningum sambands íslenskra sveitarfélaga við þroskaþjálfafélag Íslands eða annara félaga.

Til greina kemur að ráða einstakling með aðra menntun sem nýtist í starfi ef engin þroskaþjálfari sækir um.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september. Umsóknum skal skilað til Svövu Davíðsdóttur, starfandi félagsmálastjóra í tölvupósti á svava@felagsmal.is með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf. Bæði karlar og konur eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Svava Davíðsdóttir starfandi félagsmálastjóri í síma 487-8125 eða á netfangið svava@felagsmal.is